

GILDANDI DEILISKIPULAG

HLÍÐARFJALL - SKÍÐASVÆÐI VIÐ AKUREYRI

BREYTING Á DEILISKIPULAGI - ÁHALDAHÚS

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:


- Helsta breytingin felst í því að byggingarreit fyrir nýtt áhaldahús sem gert er ráð fyrir um 300 m vestan við núverandi áhaldahús og Skíðastaði er hliðrað til austurs um 24 m auk þess sem hann lengist um 10 m til norðurs. Þá er skilmálum fyrir nýtt áhaldahús breytt þannig að hámarks gólfflatarmál hækkar um 100 m², úr 900 m² í 1000 m². Þess utan eru skilmálar óbreyttir.
 - Skilgreind er lóð umhverfis byggingarreit áhaldahússins en fyrir er byggingarreitur áhaldahúss innan heildar lóðar skíðasvæðisins. Stærð lóðar er 3000 m² og nýtingarhlutfall 0,333.
 - Bætt er við rotþró austan og neðan lóðar áhaldahúss sem mun þjóna áhaldahúsinu þar til ný sameiginleg rotþró sem gert er ráð fyrir austan og neðan Skíðastaða verður tekin í notkun.
 - Þjónustuvegi sem gert er ráð fyrir að liggja að byggingarreit fyrirhugaðs áhaldahúss hliðrast lítilllega vegna breyttrar legu áhaldahúss.
- Í gildandi deiliskipulagi er áhersla lögð á að umfangi þjónustuvega og jarðraski vegna þeirra verði haldið í lágmarki.
- Staðsetning vatnssöfnunartanks sem sýndur er austan fyrirhugaðs áhaldahúss er breytt og tankurinn sýndur á þeim stað sem hann er, þ.e. um 150 m vestan fyrri staðsetningar.

Ekki er talið að breytingin hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif þar sem aðeins er verið að hliðra byggingarreit fyrir áhaldahús, skilgreina lóð og rotþró ásamt því að staðsetning vatnssöfnunartanks er færð á réttan stað.


Ekki er gert ráð fyrir raski á landi eða sérstakri landmótun vegna breytingar á deiliskipulagi, umfram það sem heimilt er skv. gildandi deiliskipulagi.

Gildandi deiliskipulag er sett fram á tveimur uppdráttum í A1, annarsvegar allt skipulagssvæðið í mkv. 1:6500 og hinsvegar kjarnasvæði skíðasvæðisins í mkv. 1:2500. Það sem breyting á deiliskipulagi er innan kjarnasvæðis skíðasvæðisins er breyting á deiliskipulagi í mkv. 1:2500.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 19.03.2014, m.s.br.



BREYTT DEILISKIPULAG




HEILDARSTÆRÐ	FJÖLDI HÆÐA
HÁMARKSHÆÐ	NÝTINGARHLUTFALL

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ
SKV. 2. MGR. OG 3. MGR. 44. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010
VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í
B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____



HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030
SVEITARFÉLAGSUPPDRATTUR

SKÝRINGAR

- SVEITARFÉLAGSMÖRK
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- HVERFISVERNDARMÖRK
- LANDAMERKI HESJUVALLA
- - - LÓÐARMÖRK
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGARREITIR FYRIR HÚS
- MÆNISSTEFNA
- BYGGINGARREITIR FYRIR SKÍÐALYFTUR OG STJÓRNSTÖÐVARHÚS
- HLÍÐARFJALLSVEGUR
- VEGSLÓÐAR/ÞJÓNUSTUVEGUR
- GÖNGUSTÍGUR
- ÚTIVISTARSTÍGUR/ÞJÓNUSTUVEGUR
- BÍLASTÆÐI
- NÚVERANDI SKÍÐALYFTUR
- NÚVERANDI SKÍÐALEIÐIR/RASKAÐ SVÆÐI
- NÝJAR SKÍÐALEIÐIR/RASKAÐ SVÆÐI
- GÖNGUBRAUTIR
- UPPLÝSTAR GÖNGUBRAUTIR
- HITAVEITA, STOFNLOGN
- VATNSVEITA, STOFNLOGN
- SÖFNUNARLÖN
- LAGNALEIÐIR F. VATN OG RAFMAGN
- VATNSVERNDARSVÆÐI - BRUNNSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI - GRANNSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI - F.JARNSVÆÐI
- Ⓡ NÚVERANDI ROTÞRÓ, NÝTT ÁFRAM
- Ⓡ NÝ ROTÞRÓ
- Ⓥ VATNSSÖFNUNARTANKAR
- 493,3 MÆLDAR HÆÐIR
- FORNMÍNJAR
- SVÆÐI SEM BREYTINGIN NÆR TIL

HLÍÐARFJALL - SKÍÐASVÆÐI VIÐ AKUREYRI
SKIPULAGSUPPDRATTUR B
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

KVARDI-A2:	1:2500	TEIKN NR:	001
DAGS:	05.01.2023	HANNAÐ:	Ó/Í
FLOKKUR:	6000	TEIKNAD:	Ó/Í
SKRÁ:	08003-hlidarfj-dsk-br_2023-01-03	VERKNR:	22240